



ENN BETRI SKÓLI

KYNNING Á
AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA
1999

ENN BETRI SKÓLI NÝ AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA

Ný aðalnámskrá fyrir grunnskóla er komin út og tekur hún gildi 1. júní næstkomandi. Með henni verða gerðar talsverðar umbætur á skólastarfi. Byrjað verður að starfa eftir námskránni skólaárið 1999-2000 eftir því sem við verður komið og skal hún að fullu vera komin til framkvæmda í júní 2002. Námskráin leysir af hólmi aðalnámskrá grunnskóla frá 1989.

Námskráin skiptist í tólf rit, almennan hluta og ellefu sérstaka greinahluta. Þeir eru íslenska, stærðfræði, erlend tungumál, heimilisfræði, íþróttir - líkams- og heilsurækt, kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði, listgreinar, lífsleikni, náttúrufræði, samfélagsgreinar og upplýsinga- og tæknimennt.

Í námskránni er útfærð í einstökum atriðum ný skólastefna, sem kynnt var fyrir um það bil einu ári. Í henni er tekið mið af þjóðfélagsbreytingum undangenginna og komandi ára og þeim kröfum sem upplýsingasamfélagið gerir til okkar. Ný skólastefna hefur að markmiði að gera úr nemendum sjálfstæða og sterka einstaklinga og leggja traustan grunn að menntun þeirra og færni til að takast á við síbreytilegt og flókið samfélag.

Áhersla á tungumál, náttúrufræði og stærðfræði er aukin verulega, komið er til móts við sérþarfir nemenda, boðið er upp á meira nám á skemmri tíma en áður hefur verið gert og áhersla er lögð á að notkun upplýsingatækni verði sjálfsögð í öllum námsgreinum. Lögð er áhersla á aukið samstarf heimila og skóla og velferð nemenda. Skólastefnan á að styrkja og móta heilsteypst starf í einstökum skólum og skólakerfinu í heild.

Endurskoðun aðalnámskráa grunnskóla og framhaldsskóla hófst haustið 1996 og nokkru síðar var hafist handa við að endurskoða námskrár leikskóla og tónlistarskóla. Þessar námskrár koma út á næstu mánuðum, fyrir utan starfsgreinahluta framhaldsskólanámskrár. Starfsgreinanámskrár liggja fyrir eða eru í endurskoðun og mótun hjá fjórtán starfsgreinaráðum. Ekki hefur áður verið unnið samhliða að námskrángerð fyrir

leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla en hin samræmda endurskoðun stuðlar að eðlilegri samfellu og stígandi á námsleiðinni.

Fjölmargir hafa komið að endurskoðuninni. Meira en tvö hundruð kennarar og aðrir sérfræðingar hafa lagt hönd á plóginn. Þá hafa drög námskránna verið á Netinu þar sem áhugasamir hafa getað kynnt sér efni þeirra, fylgst með framvindu verksins og komið ábendingum á framfæri.

Námskránum verður fylgt vel eftir til að tryggja nauðsynlegar umbætur í skólastarfi, m.a. með nýju námsefni og endurmenntun kennara. Þá mun grunmenntun kennara einnig taka mið af þeim. Námsgagnastofnun hefur fengið auknar fjárveitingar til að bregðast við þörf fyrir nýtt námsefni og settur hefur verið á laggirnar sérstakur sjóður til að styrkja endurmenntun grunnskólakennara.

Björn Bjarnason

Björn Bjarnason
menntamálaráðherra



ÞALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA 1999

ENN BETRI SKÓLI ÁVINNINGUR Í HNOTSKURN

- n Markvissara skólastarf
- n Traust grunmenntun
- n Lengri kennslutími - aukin þjónusta við nemendur
- n Lífsleikni - sterkari einstaklingar
- n Áhersla á tölvuleikni frá 6 ára aldri
- n Allir nemendur læra fingrasetningu og ritvinnslu
- n Betri tungumálakunnátta
- n Aukin áhersla á náttúrufræði og stærðfræði
- n Sveigjanlegra skólastarf þar sem einstaklingurinn nýtur sín
- n Aukið valfrelsi
- n Auknar námskröfur
- n Skýr námsmarkmið
- n Enn betri skólar



ÍSLENSKIR SKÓLAR ÞJÓÐI
MENNTUN Á HEIMSMÆLIKVARÐA

AÐGENGILEG OG SKÝR MARKMIÐ

Markmið og viðfangsefni nýrrar aðalnámskrár eru sett fram með skýrum hætti. Aðalnámskráin er meginviðmiðun skólastarfs og á að vera aðgengileg öllum sem að skólastarfi koma, skólastjórnendum, kennurum, foreldrum og nemendum. Öllum þarf að vera ljóst að hverju er stefnt í grunnskólamenntun íslenskra barna.

SAMFELLT NÁM FRÁ LEIKSKÓLA TIL HÁSKÓLA

Skólagangan verður samfelld frá fyrstu árum leikskóla til loka framhaldsskóla með nýjum námskrám fyrir þessi skólastig sem unnar hafa verið samhliða. Náms á öllum skólastigum tekur mið af því sem þegar er að baki og því sem framundan er.

FYRSTA NÁMSKRÁ 6 ÁRA NEMENDA

Í nýrri námskrá er í fyrsta sinn tekið mið af tíu ára skólagöngu. Þegar farið var að miða skólaskyldu við sex ára aldur lengdist skólaganga grunnskólanema án þess að skipulag náms og námskröfur tækju mið af því. Með nýrri aðalnámskrá verður tími nemenda nýttur til fullnustu.

SVEIGJANLEGRA NÁM

Ný aðalnámskrá eykur sveigjanleika náms og valfrelsi nemenda til muna í efstu bekkjum grunnskóla. Þannig gefst þeim færi á að hafa áhrif á nám sitt og laga það að eigin áherslum, áhugasviðum og framtíðaráformum.

FLEIRI KENNSLUSTUNDIR - BETRI MENNTUN

Grunnskólalög og ný aðalnámskrá hafa í för með sér umtalsverða lengingu á kennslutíma. Árið 2001 verður vinnuvika allra nemenda, tíu ára og eldri, orðin 35 - 37 stundir að lágmarki. Með því hefur heildartími til kennslu í grunnskóla verið aukinn um 15% frá skólaárinu 1994 - 95.

NÁTTÚRUFRÆÐI OG STÆRÐFRÆÐI SKIPA HÆRRI SESS

Kennsla náttúrufræðigreina skipar veglegan sess í nýrri aðalnámskrá. Kennsla hefst þegar í sex ára bekk og tími til náttúrufræðináms eykst um allt að 60%. Tími til stærðfræðikennslu er aukinn um 12%.

VALFRJÁLS SAMRÆMD PRÓF Í 10. BEKK

Samræmdum prófum í 10. bekk verður fjölgað úr fjórum í sex ef Alþingi samþykkir breytingar á grunnskólalögum. Auk íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku geta nemendur þá þreytt samræmd lokapróf í náttúrufræði og samfélagsgreinum. Nemendur þurfa að ákveða í samráði við forelda, kennara og námsráðgjafa hversu mörg samræmd próf þeir þreyta og þurfa í því sambandi að taka mið af framtíðaráformum og inntökuskilyrðum framhaldsskóla. Aukið valfrelsi þýðir að nemendur geta lokið námi í grunnskóla með mismunandi áherslum og einnig á skemmri tíma en áður, á níu árum í stað tíu.

VÆGI ÍSLENSKU OG STÆRÐFRÆÐI UNDIRSTRIKAÐ

Íslenska og stærðfræði eru kjarnagreinar grunnskólans enda mikilvægar undirstöður undir virka þátttöku í íslensku samfélagi og frekara nám. Saman fá þessar tvær greinar tæp 40% alls kennslutíma í grunnskóla eða sem nemur tæplega fjórum árum af tíu ára skólagöngu.

BREYTT SAMFÉLAG - NÝJAR NÁMSGREINAR

Með nýrri aðalnámskrá koma formlega til skjalanna nýjar námsgreinar sem endurspeгла breyttar áherslur í skólastarfi og samfélaginu í heild. Upplýsingalæsi og tölvunotkun eða upplýsingamennt er ný grein, sem kennd verður frá upphafi skólagöngu, hefðbundin smíði tekur á sig nýja og umfangsmeiri mynd í greininni hönnun og smíði og lífsleikni verður að sérstakri námsgrein frá níu ára aldri. Í lífsleikni er hugað sérstaklega að ýmsum þáttum, sem ekki hafa áður haft formlegan kennslutíma í grunnskóla, en eru nemendum mikilvægir til skilnings og þátttöku í nútímasamfélagi. Þá eru í aðalnámskrá sett fram námsmarkmið í leikrænni tjáningu, dansi, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar, sem gera skólum betur kleift að bjóða nemendum markvissa kennslu á þessum sviðum. Íslenska sem annað tungumál fyrir nýbúa er í fyrsta sinn skilgreint í námskrá og einnig íslenskukennsla heyrnarlausra og táknmál fyrir heyrnarlausu.

ENSKA - FYRSTA ERLENDA TUNGUMÁLIÐ

Þau nýmæli verða með nýrri aðalnámskrá að enska verður fyrsta erlenda tungumálið sem nemendur læra. Tími til enskukennslu er aukinn og kennsla hefst mun fyrr eða við tíu ára aldur í stað tólf áður. Lögð verður sama áhersla á dönsku og áður en kennsla hennar hefst nú í 7. bekk.

NÝIR MÖGULEIKAR Í NÁMI OG KENNSLU

Eitt af markmiðum nýrrar aðalnámskrár er að auðvelda markvissa fjarkennslu og sjálf-nám nemenda. Auðveldara er að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda, til dæmis þá sem höllum fæti standa og hina sem lengra eru komnir í námi en jafnaldrar. Með möguleikanum á einstaklingsbundnu námi er einnig komið til móts við fámenna skóla sem kenna nemendum á ólíkum aldri í sama bekk.

GÓÐ VINNUBRÖGÐ - AUKIÐ SJÁLFSTRAUST

Ný aðalnámskrá tryggir aukið valfrelsi nemenda en eykur um leið ábyrgð þeirra á námi sínu. Markmiðið er að byggja með skipulegum hætti upp sjálfstraust og sjálfsábyrgð nemenda. Þá er lögð áhersla á að efla með þeim umburðarlyndi, heilbrigða dóm-greind, náungakærleik og hæfileika til samvinnu. Ný aðalnámskrá gerir líka ráð fyrir fjölbreytilegum aðferðum við kennslu, þar á meðal aukinni verkefnavinnu og sjálfstæðri vinnu nemenda sem ætlað er að rækta með þeim skipulögð og góð vinnu-brögð. Auknar kröfur eru um festu í skólastarfi, námsaga og árangur.



AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA 1999 ER GEFIN ÚT Í TÓLF HEFTUM

- n Almennur hluti
- n Íslenska
- n Stærðfræði
- n Erlend tungumál
- n Heimilisfræði
- n Íþróttir – líkams- og heilsurækt
- n Kristin fræði, siðfræði, trúarbragðafræði
- n Listgreinar
- n Lífsleikni
- n Náttúrufræði
- n Samfélagsgreinar
- n Upplýsinga- og tæknimennt

